

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, hère með til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér gjörð þær ráðstafanir, sem með þarf.

1871.

4. júlí.

67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um réttindi handiðnamanns til húsmennsku.

10. júlí.

Með bréfi 10. maí þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem skóari Benidikt Halldórsson Vídalín hefir borið sig upp undan því við amtið, að bæjarstjórnin á Akureyri vili þröngva sér til, að fara úr kaupstaðnum, eptir að hann hafi haft stöðuga dvöl þar í hèreumbil 8^{1/2} ár, enda þótt sér hafi verið leyft fyrir nokkrum árum að dveljast þar, reyndar aðeins um tiltekinn tíma, og jafnframt og þér getið þess, að bæjarstjórnin að yðar áliti hafi farið út fyrir vald sitt með því, að veita slík leyfi með skilmálum, sem ekki eru lög til samkvæmt tilskipun 26. maí 1863,¹ og verði að skoda þessi ólögætu, skilmálum bundnu, leyfi sem veitt skilmálalaust, án þess það geti gjört nokkurn mun, að sækjandinn í þessu tilfelli hafði lofað skriflega, til þess að fá frest til að flytja sig burt, að fara úr bænum að fardögum 1872, hafið þér borið málið undir úrskurd stjórnarráðsins.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að það leiðir af skýrum orðum í tilsk. 26. maí 1863, 12. gr. 1. staflíð, sbr. niðurlagið á 2. staflíð í sömu gr., að sveitarstjórnin aðeins hefir heimild til annaðhvort að veita einhverjum ótakmarkað leyfi til þess að vera húsmáður í sveitinni, eða synja um leyfið með ástæðum fyrir synjuninni, en til þess hefir hún ekki vald: að veita leyfi, sem bundið er við

1) Tíðindi um sjónarmálefni Íslands, I., 703.

1871.

10. júlí.

nokkurn tíma. Stjórnarráðið getur því ekki betur sæð, en að afleiðingin af því, að hlutaðeigandi sveitarstjórn í þessu tilfelli hefir haft við ólöglega aðferð, sè sú, að málið verði skoðað á þá leið, sem ekkert væri úrskurðað um það, og á hinn bóginn leiðir af þessu, að hin nefnda skriflega skuldbinding hlutaðeiganda sè þýðingarlaus.

14. júlí.

68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

Útaf því, að hreppstjórnin í Kelduneshrepp í Þingeyjarsýslu hefir áfrýjað til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, sem fyrrum amtmaður Havstein hafði kveðið upp 3. marz f. á., og ákveður, að Þorsteinn nokkur Þórðarson sè sveitlægur í tæðum hreppi, hefir amtið í bræfi 15. maí þ. á. getið þess, að amtmaður Havstein hafi byggt á því, að tæður Þorsteinn Þórðarson hafi átt dvöl í Kelduneshrepp samfleytt í 12 ár frá skildaga 1845 til skildaga 1857, þó nefndur sveitarómagi hafi sagt svo frá við próf, sem haldið var við aukarétt Þingeyjarsýslu 3. ágúst 1869, að hann skildagaárið 1853—54 hafi dvalizt á ýmsum bæjum í Presthólahrepp, en þessi sögusögn styrkist af 3 vottorðum, sem hreppstjórnarnir í Kelduneshrepp hafa útvegað hjá ýmsum mönnum í hreppnum, þar sem á hinn bóginn ekkert það er komið fram, sem bendir á, að hann hafi haft dvöl samfleytt í Kelduneshrepp á þeim árum, sem um var getið; amtið er þess vegna á því máli, að Þorsteinn Þórðarson eigi hafi öðlazzt rétt til framfærslu í Kelduneshrepp, og að hann sè sveitlægur í Glæsibæjarhrepp í Eyjafjardarsýslu, þar sem hann er fæddur.

Útaf þessa gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að með því heinlinis verður að sanna, að einhver hafi haft dvöl í sveit nokkurri um lögbodinn tíma, til þess að geta öðlazzt þar framfærslurètt, en þetta hefir ekki verið gjört í